

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 22. apríl 2022
UST202203-141/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Ásahrepps 2020 - 2032 - heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita er barst 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Ásahrepps 2020 - 2032 en um heildarendurskoðun er að ræða.

Í greinargerð kemur fram að Ásahreppur er vestasta sveitarfélagið í Rangárvallasýslu en skipulagssvæðið er tvískipt og er svæði í byggð 138 km² en svæði á Holtamannafrétti um 2880 km². Meginstefna skipulagsins er að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða en þetta verður útfært með skynsamlegri landnýtingu þar sem stuðlað er að sjálfbærri nýtingu vistkerfa og bindingu kolefnis. Orkuframleiðsla er vistvæn og stuðlað verður að grænum samgöngum og útivistarmöguleikum.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um lýsingu aðalskipulagsins þann 28. apríl 2020 og varðandi kynningu aðalskipulagsins 30. ágúst 2021. Tekið var tillit til athugasemda stofnunarinnar að flestu leyti en stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir.

Friðland í Þjórsárverum – Landnotkun og mannvirkjagerð

Í greinargerð á bls. 45, þar sem fjallað er um landnotkun og mannvirkjagerð í friðlandinu Þjórsárverum, er einungis fjallað um hluta af 11. gr. auglýsingarinnar fyrir friðlandið. Þegar rætt er um heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu, sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga, haldi gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar, er átt við staðfest aðalskipulag sem var í gildi á þeim tíma sem friðlýsingin er staðfest.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að það komi fram í greinargerð að samkvæmt 11. gr. auglýsingar nr. 870/2017 um friðland í Þjórsárverum séu allar framkvæmdir, svo sem jarðrask og mannvirkjagerð, sem haft geta í för með sér truflun eða röskun á dýralífi og/eða eyðileggingu á rústamýravist og öðrum vistgerðum, óheimil í friðlandinu. Óheimilt er að breyta rennsli vatna og vatnsborðshæð á verndarsvæðinu, sbr. þó 2.-4. mgr. Auk þess er mikilvægt að það komi fram að leyfi Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarfélags þarf til framkvæmda í friðlandinu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010 og þegar við á lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Reiðleiðir í Þjórsárverum

Í 12. gr. auglýsingar nr. 870/2017 um friðland í Þjórsárverum kemur fram að ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum og afmörkuðum áningarstöðum, sbr. kort í viðauka III auglýsingarinnar. Hrossabeit er bönnuð nema í viðurkenndum



UMHVERFIS

STOFNUN

áningarhólfum. Nánar er fjallað um skipulag og fjölda áningarhólfa í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í greinargerð á bls 44 segir: Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland í Þjórsárverum verði lega reiðleiða innan friðlandsins yfirfarin og útfærð nánar. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að reiðleiðir innan friðlandsins séu skoðaðar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Hins vegar bendir Umhverfisstofnun á að reiðleiðir innan friðlands Þjórsárvera á uppdrætti skipulagstillögunnar eru ekki í samræmi við kort í viðauka III auglýsingarinnar og því ætti ekki að setja nýjar reiðleiðir inn á skipulagsupprátt sem er ekki í samræmi við friðlýsinguna.

Efnistaka í Þjórsárverum

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði, E31, sem er innan friðlands Þjórsárvera þar sem gert er ráð fyrir að heimilt sé að taka allt að 10.000 m³ af efni á um 0,5 ha. landi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft sé samráð við stofnunina varðandi staðsetningu á efnistökusvæði innan friðlandsins áður en það er afmarkað skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þessi að við ákvörðun á staðsetningu fyrir efnistökusvæði innan friðlandsins sé horft til verndarmarkmiða, hugað að ásýnd og settir séu skýrir skilmálar varðandi frágang.

Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistaka innan verndarsvæða fellur undir B-flokk í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Byggingar í Þjórsárverum

Í tillögunni er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á afþreyingarsvæðum AF 10 og AF 11, sem eru innan Þjórsárvera, og fjölgun gistirýma úr 10 í 70 og byggingamagn allt að 300 m² í þremur húsum á hvorum stað. Þá segir einnig í greinargerð að heimilt sé að vera með aðstöðu fyrir landvörð, upplýsingar og fræðslu fyrir friðlandið. Umhverfisstofnun fagnar því að hugað sé að aðstöðu fyrir starfsmann stofnunarinnar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að þolmörkum friðlandsins en aukin umferð um friðlandið getur valdið auknu álagi á lífríki þess. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í umhverfismati hver áhrif frekari uppbygging sé á friðlandið.

Umhverfisstofnun stefnir á að hefja innan skams vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið sem unnin er í samráði við sveitarfélagið. Stjórnunar- og verndaráætlunir fyrir friðlýst svæði eru stjórnþæki þar sem lögð er fram stefna um verndun svæðanna, hvernig viðhalda skuli verndargildi þeirra og hver framtíðarsýn fyrir svæðið er. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að samræmi sé á milli þeirrar stefnu sem mörkuð er í skipulagstillögunni og stefnu Umhverfisstofnunar sem fer með umsjón og rekstur friðlandsins í Þjórsárverum. Í skipulagstillögu er gert ráð fyrir nýbyggingum innan friðlandsins í Þjórsárverum ásamt viðbótar vegum og reiðleiðum sem ekki eru á korti í viðauka auglýsingar um friðlýsingu Þjórsárvera nr. 870/2017.

Í ljósi þess óskar stofnunin eftir samtali við sveitarfélagið Ásahrepp til að tryggja samræmi milli stefnu sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar innan friðlandsins.

Hálendi og víðerni

Í kafla 3 um stefnu á afrétti er lögð áhersla á að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. Umhverfisstofnun fagnar því og tekur undir mikilvægi þess að vernda víðerni sem er þverrandi auðlynd á heimsvísu. Mikil verðmæti eru fólgin í óbyggðum víðernum sem eru m.a. helsta aðdráttarafl ferðamanna sem koma til landsins.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýju skálasvæði við Háumýrar með gistirými fyrir 30 manns og byggingarmagn 300 m², nýjum fjallaseljum á Svarthöfða við Vonarskarð með gistirými fyrir 20 manns og byggingarmagn allt að 150 m² og við Svartagil með gistirými fyrir 30 manns og byggingarmagn allt að 300 m². Umhverfisstofnun bendir á að með uppbygginu á þessum stöðum er verið að raska litlu og einnig ósnortnum svæðum sem mun hafa áhrif á víðerni og óbyggðarupplifun.

Í 3. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegra fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir fjölgun gistirýma á afréttinum um 342 eða um rúmlega helming miðað við það sem er í dag. Einnig er lögð áhersla á að viðhald og uppbygging samgangna á hálendinu stuðli að öryggi og góðu aðgengi og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Umhverfisstofnun tekur undir það að stuðla að öruggum samgöngum, en telur að gaumgæfa þurfi vel hve marga gesti svæðið sem heild getur tekið á móti (þolmat), án þess að verndargildi svæðisins rýrni. Það kemur ekki fram í greinargerð hvaða leiðir verði farnar til að draga úr álagi og röskun. Það er mat Umhverfisstofnunar að með bættum samgöngumannvirkjum og fjölbreyttari ferðamáta muni til langs tíma verða aukið álag og rask á ósnortna náttúru hálendisins.

Í kafla 1.2.1. um skipulag áfangastaða ferðamanna í Landskipulagsstefnu er tekið fram að uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálendinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalveg hálendisins. Umhverfisstofnun tekur því undir þá stefnu sem mótuð er í landsskipulagsstefnu þar sem kemur fram að uppbygging þjónustu og gistingu eigi að byggjast upp á jaðarsvæðum hálendisins og þeir skálar sem fyrir eru verði nýttir til að þjónusta ferðamenn.

Sprengisandsleið

Í greinargerð tillögunnar og umhverfisskýrslu er fjallað um framtíðarlegu Sprengisandsleiðar. Umhverfisstofnun bendir á að slík leið gæti valdið aukinni hættu á umferð inn í friðlandið og þar með auknu álagi á lífríki þess. Því gæti þurft að grípa til stýringar á umferð inn í friðlandið og jafnvel lokun fyrir umferð, leiði reynslan slíkt í ljós.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í umhverfismati hver áhrif uppbygging Sprengisandsvegar sé á friðlandið.

Umhverfisstofnun áskilur sér því rétt til að koma með frekari athugasemdir við umrædda veltengingu þegar og ef af henni verður.

Umhverfisstofnun tekur undir að Sprengisandsslína sé lögð í jörð, en mikilvægt er að lagning jarðstrengs raski ekki jarðmyndunum. Auk þess bendir stofnunin á að líklega væri besti valkosturinn að línan myndi fylgja núverandi mannvirkjabelti Þórisvatns, en mikilvægt sé að staðsetning línunar sé ekki bundin við aðalskipulagið heldur staðsetning valin með valkostagreiningu við mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á friðland Þjórsárvera. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Umhverfisstofnun áskilur sér því rétt til að koma með frekari athugasemdir við umrædda línulegu þegar og ef af henni verður.

Efnistaka

Í greinargerð (bls. 18) segir að landeiganda sé heimilt að taka allt að 5.000 m³ af efni á 0,5 ha. svæði til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á að í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: *„Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“*

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu til eigin nota og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum. Auk þess er það mat stofnunarinnar að 5000 m³ sé töluerð efnistaka.

Í tillögunni er gert ráð fyrir auknum fjölda náma á afréttinum. Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sett séu skýr skilyrði varðandi efnistöku og frágang. Umhverfisstofnun bendir á að námur, sem eru á svæðinu núna, hafa verið opnar í áratugi og sumar þeirra staðið ónotaðar í mörg ár.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerðar séu kröfur um að þær séu sem minnst sýnilegar úr alfaraleið. Að mati Umhverfisstofnunar eru námur sem eru á svæðinu í dag með þó nokkur áhrif á ásýnd svæðisins. Námurnar eru mjög stórar og sýnilegar úr alfaraleið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að leggja þarf áherslu á að þegar námur séu opnar að gerðar séu ráðstafanir til að minnka neikvæða ásýnd og fela námurnar eins vel og kostur er á meðan þær eru í notkun. Auk þess þarf að leggja áherslu á að þegar námuvinnslu er lokið að gengið sé frá þeim um leið og þær aðlagðar umhverfinu eins og kostur er.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Vindorkuver

Í tillögunni er sett fram möguleg staðsetning fyrir iðnaðarsvæði (I12) á mynd 3 undir vindorkuver. Í greinargerð kemur fram að vindorkuverið muni ekki hafa áhrif á víðerni eða ósnortið og náttúrulegt yfirbragð. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins og vera einkennandi í landslagi. Vindmyllurnar verða líklegast sýnilegar á stóru svæði, m.a. frá friðlandinu að Fjallabaki. Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar, sem nefnist *Um skipulag og vindorkunýtingu*¹, segir að *í allt að 16 km fjarlægð séu vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi*.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að um 10 km eru frá iðnaðarsvæðinu að friðlandinu að Fjallabaki og um 14 km frá fjallinu Löðmundi þar sem er útsýnisstaður. Megineinkenni friðlandsins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt en viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar mun vindorkugarðurinn hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta sem heimsækja friðlandið og því rýra verndargildi svæðisins.

Í kafla 1.4.1 í landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 segir að *Meiri háttar mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni eða landslagsheildir hálendisins*. Umhverfisstofnun telur að fyrirhugaður vindmyllulundur sé ekki í samræmi við leiðarljós landsskipulagsstefnu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þær vindmyllur sem staðsettar eru í Búrfellslundi valda neikvæðum sjónrænum áhrifum. Auk þess bendir stofnunin á að á degi jafnt og í myrkri eru mjög sterk blikkandi ljós sem hafa neikvæð áhrif á upplifun á svæðinu þar sem þau sjást í margra kílómetra fjarlægð.

Skýringarupprættir

Umhverfisstofnun bendir á að á skýringarupprætti 5 sem nefnist: „Vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga“ vantar inn á kortið votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga, en hægt er að sjá og nálgast lýsigögn votlendisins á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/>

Sama á við um skýringarupprætt 6 varðandi votlendið, en ekki allar vistgerðirnar sem sýndar eru á upprættinum falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Vegir í náttúru Íslands

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyingu.pdf>

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að við vinnslu skipulagstillögunnar verði haft samráð við stofnunina við gerð tillögu að vegaskrá.

Í tillögunni er lagður fram skýringaruppdráttur þar sem segir að slóðar innan friðlands Þjórsárvera séu flokkaðir í samræmi við friðlýsingarskilmála. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaður stofnvegur á hálendi, sem liggur vestan Kvíslavatns og að hluta til í gegnum friðlandið í tillögunni, er skilgreindur sem F1 í friðlýsingarskilmálum. Auk þess eru innan friðlandsins vegir sem stofnunin telur að þurfi að meta og yfirfara á samráðsfundi með sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.² Þegar kemur að innleiðingu stefnu um hringrásarhagkerfi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir og hins vegar stefna um meðhöndlun úrgangs. Fyrri stefnan kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*. Stefna um meðhöndlun úrgangs kom út 2021 í fyrsta sinn.

Mikilvægt er að litið sé til ofangreindrar stefnu vegna alls úrgangs sem fellur til við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru.

Skógrækt

Í greinargerð segir að við skipulag uppgræðslu og skógræktar skuli huga að því að vernda landslag og ásýnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði. Umhverfisstofnun bendir á að við skógræktarsvæði SL1 er foss sem nefnist Ármótafoss og við svæði SL3 er foss sem nefnist Hrauneyjafoss og því mikilvægt að skógræktin hafi ekki áhrifa á fossana. Fossar falla undir b.lið 2. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

² [Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 090621.pdf \(stjornarradid.is\)](#)



UMHVERFIS

STOFNUN

Í greinagerð segir að mælst verði til þess að notaðar verði innlendar trjátegundir í skógrækt á hálendinu. Umhverfisstofnun bendir á að óheimilt er að rækta útlendar tegundir alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðin falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur